



TILLAGA

Tillaga fulltrúa U3A og Samtaka aldraðra um almenningsekkja

Lagt er til að mannréttindaráð samþykki að óska eftir við umhverfis- og skipulagsráð að borgaryfirvöld setji sér heildstæða stefnu með gagnsæi að leiðarljósi, hvað varðar uppsetningu almenningsekkja, þar með talið minningarekkja. Þar verði sett skýr markmið og þeim fylgi mótuð framkvæmdaráætlun. Að borgin setji skýrar reglur um minningarekki s.s. staðsetningu, útlit, minningaskjöld og kostnað. Útbúið verði jafnframt form umsóknar sem er aðgengilegt almennum borgurum til útfyllingar sem þess óska.

Greinagerð:

Reykjavíkurborg hefur verið í fararbroddi síðustu ár við að fjölga hjólreiða- og göngustígum og er nú komið glæsilegt net slíkra leiða um alla borg sem tengjast síðan sumar slíku kerfi í nágrannasveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

Þetta er áttak í vistvænum samgöngumáta og ekki síst heilsuefningaráttak í þágu almennra borgara. Nú er komið að því að huga enn betur að þeim sem kjósa að nota gönguferðir sér til heilsuþótar.

Hreyfing er mikilvæg eldra fólki og göngustígar eru frábær viðbót til heilsuefningar. En það er nauðsynlegt að reglulega sé hægt að staldra við og setjast á bekk til að hvíla lúin bein áður en haldið er áfram göngu á áfangastað eða einfaldlega til heilsuþótar.

Þá er vert að huga að því almenningsekkir séu með hæfilegu millibili, að þeir snúi í átt að sól og/eða fögru útsýni, þeir megi líka sumir hverjir hafa innstungur fyrir snjalltæki, kóða með upplýsingum um nærumhverfið og jafnvel skemmtiefni eins og ljóð eða annan fróðleik.

Mikilvægt er að almenningsekkir beri skýr og auðsjáanleg númer. Slík númer ættu að auðvelda fólki sem hefur leiðst af vegi og misst áttana (t.d. fólk með heilabilun) að tilkynna ættingjum, vinum eða viðbragðsaðilum hvar þau eru svo hægt sé að bregðast við. Neyðarsíminn 112 ætti að hafa yfirlit um númerakerfi bekkjanna og fleiri viðbragðsaðilar og þjónustuaðilar.

Heilabilun

Á Íslandi er talið að á milli 5-6.000 einstaklingar glími við heilabilun.

Félagsleg tengsl minnka bæði líkur á heilabilun og hægja á framgangi heilabilunar. Ein besta forvörnin gegn heilabilun er regluleg hreyfing. Einnig er mikilvægt að almenningsekkir beri númer eins og bent er á hér að ofan.





Alzheimersamtökin í samstarfi við nokkur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu vilja biðja þig um að *Muna leiðina*. Nú hafa verið settir niður fjólubláir bekkir víðsvegar, en fjólublár er alþjóðlegur litur Alzheimer sjúkdómsins og annara heilbilunarsjúkdóma.

Sveitarfélög sem hafa tekið þátt í verkefninu nú þegar eru: *Reykjavíkurborg* við Reykjavíkurlugvöll og göngubrúna í Fossvogi, *Seltjarnarnesbær* við Gróttu, *Kópavogsbær* á Kársnesi, *Garðabær* við Sjáland, *Mosfellsbær* er með bekk á útsýnisstað á Blikastaðanesi og í *Hafnarfjarðarbæ* við gömlu sundlaugina í Hafnarfirði.

Allir bekkirnir eiga það sameiginlegt að standa við sjávarsíðuna með fallegu útsýni en saman mynda þeir einnig skemmtilega leið í gegnum öll þessi sveitarfélög.

Á bekkjunum er QR kóði sem hægt er að skanna og styrkja um leið *Alzheimersamtökin*.

Strætóbekkir

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa lagt áherslu á að almenningssamgöngur verði raunverulegur valkostur fyrir íbúa í náinni framtíð.

Það er mikilvægt að bekkir séu á öllum stoppistöðvum strætó. Að þeir séu í strætóskýli, því biðin eftir strætó getur verið þó nokkuð löng í alls kyns veðrum. Skýli þurfa líka að vera þannig útbúið að auðvelt sé að koma auga á Strætó tímanlega.

Minningarbekkir.

Fyrir um áratug hlaut hugmyndin *Minningarbekkir* gríðar mikinn stuðning á vefnum *Betri Reykjavík*. Hugmyndinni fylgdi ábending á að gera mætti ráð fyrir nokkrum kostnaði af því að koma bekk fyrir og yrði hann væntanlega greiddur af umsækjendum og Reykjavíkurborg sjálf setti reglur um slíka bekki hvað varðar útlit (þ.m.t. minningaskjöldur), staðsetningu o.s.v.frv.

Skipulags- og samgönguráð hafði síðan forgöngu á að fá tillögu að framkvæmd Minningarbekkja og skilaði Umhverfis- og skipulagssvið tillögu og greinagerð til ráðsins 5. mars 2021.

Hér má lesa skjalið: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/minningarbekkir_verkferill.pdf

Síðan þetta gerðist hefur engin formleg ákvörðun verið tekin af borgaryfirvöldum um minningarbekki, en einstaka aðilar hafa þó í gegnum tíðina fengið umsóknir sínar samþykktar án þess að lögformlegt ferli væri til staðar.

Við teljum brýnt að borgaryfirvöld samþykki minningarbekki í borgarlandinu og setji um þá skýrar reglur. Reglur og umsóknarform verði aðgengilegt öllum borgarbúum og afgangið fari eftir lögformlegum og gagnsæum leiðum.